

1. október 2015

Á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar þann 1. október 2015 var tekið til afgreiðslu erindi frá Nefndasviði Alþingis – Allsherjar- og menntamálanefnd frá 28. september 2015.

Með erindinu er lögð fram til umsagnar tillaga til þingsályktunar um styrkingu leikskóla og fæðingarorlofs, 16. mál.

*Afgreiðsla bæjarráðs var svohljóðandi:*

*Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við skipan starfshóps sem kanna myndi þessi atriði en mælir með að starfshópurinn einbeiti sér að því verkefni að kanna hversu mikla fjármuni sveitarfélögin þyrftu að fá frá ríki til að hægt væri að uppfylla þær hugmyndir sem þarna eru lagðar fram. Enn og aftur fela hugmyndir þingmanna, eins góðar og þær oft eru, í sér umtalsverð fjárútlát, sem öðrum, í þessu tilfalli, sveitarstjórnnum, er ætlað að bera. Bæjarráð varar við öllum hugmyndum sem leggja nýjar álögur á sveitarfélögin enda hræða spörin í þeim eignum.*

Þessi afgreiðsla tilkynnist hér með.

Bestu kveðjur

Aldís

---

Aldís Hafsteinsdóttir

Bæjarstjóri Hveragerðisbæjar